

Enska		7.bekkur	
Kennari: Sóley Birgisdóttir og Una Björk Kristófersdóttir			
Tíma fjöldi: 3 stundir á viku			
Menntagildi námsgreinar:			
Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu. Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu. Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum. Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynd. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.			
	Hæfniviðmið Nemandi getur - Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta - Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum,	Kennsluhættir Nemendur: - Heyra tungumálið í gegnum hlustunaræfingar sem tengjast viðfangsefninu og fá þannig betri tilfinningu fyrir málinu. - Heyra kennarann nota málið í fyrirmælum og samskiptum. - Eru hvattir til að nota ensku í samskiptum í enskutímum.	Námsmat Horft verður á enska þætti og nemendur rita nokkrar setningar úr hverjum efninu.

Hlustun	hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni	- Hlusta á valda lestexta úr bókinni og hlusta eftir framburði ákveðinna orða hverju sinni. - Nemendur hlusta á brot úr bíómyndum, fréttum og útvarpsþáttum og vinna verkefni tengt efni miðlanna.	- Lagt verður fyrir hlustunarpróf af British Council, tvisvar á önn. - Haut: 1. Stop waisting time. 2. Free time - Vor: 3. Celebrations 4. Difficult situations.
Lesskilningur	- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum, - fundir afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, - lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina,	Nemendur: - Lesla mislanga texta sem eru allt frá smásögum yfir í skáldsögur, fréttir, fræðsluefni og skemmtiefni. Síðan er unnið með ákveðið þema hverju sinni. - Leysa allskyns lesskilningsverkefni sem tengjast efni textans í verkefnabók þar sem gert er ráð fyrir að nemendur beiti mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar-, nákvæmnis- og jafnvel hraðlestri). - Fá góða endurtekningu á atriðum sem kennari vill leggja sérstaka áherslu á og mikið lagt upp úr að vikka orðaforða til að auka lesskilning. - Þjálfar einnig orðaforða í gegnum ýmis námsspil og leiki.	- Námsmat er úr mismunandi textum úr Yes we can og/eða British Council sem þvingjast eftir því sem líður á skólaárið, þar sem kunnátta/orðaforði og lesskilningur er metinn. - Textar námsmats eru núna lengri en í yngri bekkjardeildum og lesskilningur spilar sífellt meiri þátt í námi jafnt sem námsmati.
Samskipti	- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst - Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu - tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar	Nemendur: - Eru hvattir til að nota ensku sem mest í samskiptum í tímum. Kennarinn notar núna tækifæri til að leiðbeina nemendum um réttan framburð og er hvert tækifæri notað til að skapa aðstæður þar sem nemendur geta tjáð sig á ensku og aukið þannig færni sína. - Vinna sum verkefni með því að tjá sig í þörum eða hópum í tengslum við viðfangsefni bókarinnar, ýmis hópverkefni, þemaverkefni og viðtöl eru notuð til að æfa samskipti og tjáningu í ensku. - Taka þátt í að skapa umræður um málefni sem nemendum finnst áhugaverð. - Búa til leikrit úr breskri sögu/ævintýri sem finna má á British Council og flytja það á ensku. Nemendur búa til handrit, æfa leikritið og sýna. Hópverkefni.	Horft verður á bíómynd (Captein Fantastic) nemendur skiptast á upplýsingum og skoðunum um myndina sem tekið er upp á iPad.
		Nemendur:	Nemendur kynna valið goð úr norrænni

Frásögn	- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, - Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv., - Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa,	- Fá þjálfun í að nota orðaforða bæði í riti og máli og fást við verkefni sem tengjast viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni. - Glósa reglulega úr lestexta og eru hvattir til að nýta þann orðaforða í eigin ritun og frásögn. - Fara í ýmsa samskiptaleiki og koma reglulega fram til að lesa upp enskan texta eða segja frá til að auka færni í framburði, áherslum og orðaforðatileinkun.	góðafræði fyrir samnemendum sínum - Nemendur búa myndaband með kynningu á áhugamáli sínu þar sem hæfileikar þeirra koma fram. - Frammistaða í frásögn mun koma fram í leiðsagnarmati.
Ritun	- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista, - Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldum áhugamálum, vinum og umhverfi, - Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst, - Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.,	Nemendur: - Læra helstu málfræðireglur sem eiga að nýtast þeim í réttitun og í rétttri setningamyndun. - Gera lengri ritunarverkefni, t.d. frétt, smásögu, ævintýri eða dagbókarfærslu. Þessir textar tengjast annað hvort þeirra nánasta umhverfi eða því þema sem unnið er með hverju sinni og vinna þannig með orðaforðann úr lestextum og hlustun. - Nýta sér fyrirmyndir úr lesbók og orðalista til að búa til setningar og örstuttan texta sem tengist efnisflokknum sem fengist er við.	- Leiðsagnarmati er beytt með vinnu matssíðna úr hverjum kafla Yes we can 6 - Ritunarverkefni sem nemendur vinna við hvert þema/ viðfangsefni í vinnubók Yes we can
Menningarlæsi	- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða, - Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra,	- Nemendur læra hvar enska er töluð í heiminum og velja sér draumaáfangastað. - Nemendur læra um helstu barna- og unglingabókmenntir á ensku og fá eina sögu til að vinna úr.	- Lykilhæfnin nýting miðla og upplýsinga verður höfð að leiðarljósi. - PP kynningu fyrir bekknum á drauma áfangastað - Nemendur lesa sögu úr enskum bókmenntum og búa til leikþátt sem þau sýna bekknum. Sögur af British Council Kids: Isaac Newton, Robin Hood, Florence Nightingale. The ugly duckling. Jack and the beanstalk. Romeo and Juliet.
		Nemendur: Fá í upphafi góða kynningu á uppbyggingu námsefnisins og enskunáminu.	Samskipti og samvinna, ásamt afrakstri við

Námshæfni	• Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki • Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur • Tengt ný viðfangsefnið eigin reynslu og þekkingu • Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja • Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar	• Lesa texta, vinna verkefni tengd hlustun, tali, lesskilningi og ritun. Auk þess er sérstök áhersla á að efla orðaforða, nemendur vinna fjölbreytt verkefni með fjölbreyttum aðferðum. • Venjast því að vinna jafnt í hópum, pörum eða einstaklingslega allt eftir eðli verkefnisins. • Eru hvattir til að nýta sér orðabækur bæði í bókaformi og á veraldarvefnum í námi og verkefnavinnu.	hópverkefni eru metin út frá gátlista. • Nemendur taka þátt í því mati með sjálfsmati og jafningjamati.
Málfræði og orðaforði	• Tileinkað sér góðan orðaforða • Beitt þekkingu sinni í málfræði	Nemendur: • Læra helstu málfræðireglur sem eiga að nýtast þeim í réttitun og í réttri setningamyndun. • Í hverjum kafla Yes we can 6 eru ákveðnir málfræðipættir teknir fyrir og æfðir	• Enskar málfræðiæfingar C, • Yes we can 6

Kennslugögn:

Yes we can 6 lesbók, vinnubók og

Enskar málfræðiæfingar C bók

Lestrarbækur á ensku: Valdar enskar bækur við hæfi hvers og eins

Námsmat: Námsmat vetrarins byggist á ýmsum þáttum, s.s. þemaverkefnum, ritunarverkefnum, hlustunarprófum, munnlegum prófum, sagnaprófum, jafningja- og sjálfsmati, endurgjöf á vinnu nemenda og mati á þemaverkefni þar sem reynir m.a. á upplýsingalæsi og framsögn nemenda.

Annað:

- Í hópavinnu verður sérstaklega litið til samvinnu
- Í einstaklingsverkefnum til sjálfstæðis
- Við ýmsa heimildavinnu verður litið til hvernig nemendur nýta miðla og upplýsingar
- Við kynningar á verkefnum er tjáning og miðlun upplýsinga skoðuð
- Í allri verkefnavinnu hvort sem er einstaklings eða hópavinnu er sérstaklega litið til skapandi og gagnrýnnar hugsunar
- Mikið er lagt upp úr að nemendur sýni ábyrgð og leggi eigið mat á nám sitt